

Fimmtudaginn 2. október 1986.

Nr. 76/1985. **Nýbarði sf.**

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

gegn

Samvinnuþryggingum g.t.

(Gunnar M.Guðmundsson hrl.)

Vátrygging. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 29. mars 1985. Dómkröfur hans eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 73.288,00 krónur með 37% ársvöxtum frá 1. apríl 1982 til 1. nóvember s.á., 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á. og með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu lægri fjárhæðar samkvæmt mati Hæstaréttar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi var bókhaldsskyldur samkvæmt 3. tl. 2. gr. A laga nr. 51/1968 um bókhald.

Starfsmaður stefnda óskaði eftir því, að áfrýjandi legði fram gögn, sem sýndu tilvist þeirra verkfæra, sem áfrýjandi krafðist bóta fyrir, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamn-

inga. Annar eigandi áfrýjanda taldi engin vandkvæði á því. Nokkru síðar afhenti hann stefnda fjóra kvittaða reikninga, samtals að fjárhæð 21.992,40 krónur, sem hann sagði vera úr bókhaldi áfrýjanda. Reikningar þessir voru hins vegar útbúnir eftir áðurgreint samtal af báðum eigendum áfrýjanda og í samráði við hinn nafngreinda verkfærasala, sem skráði reikningana. Til þess að gera skjöl þessi trúverðugri voru færslunúmer skráð á þrjá reikninganna eins og um bókhaldsgögn væri að ræða, enda þótt skjölin væru ekki tekin úr bókhaldi fyrirtækisins. Þegar þetta er virt, svo og það, að áfrýjandi hefur ekki lagt fram nein gögn um tilvist hjólbarðanna, sem hann krefst bóta fyrir, þykir áfrýjandi hafa gert málstað sinn þannig úr garði, að á honum hvíli rík sönnunarskylda um það tjón, sem hann telur sig hafa orðið fyrir. Með því að áfrýjanda hefur ekki tekist að færa fram fullnægjandi sönnunargögn um að hann hafi orðið fyrir því tjóni, sem hann krefur stefnda um bætur fyrir, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Nýbarði sf., greiði stefnda, Samvinnutryggingum g.t., 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. mars 1985.

I.

Mál þetta, sem domtekið var 1. mars sl., hefur Nýbarði sf., nnr. 063-2520 (sic), Skeifunni 11, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 1. október 1984 á hendur Samvinnutryggingum g.t., nnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 73.288,00 ásamt 37% ársvöxtum frá 1. apríl 1982 til 1. nóvember s.á., með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu að mati dómara. Til vara krefst hann þess að fjárhæð stefnukröfu verði stórlækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að þann 15. febrúar 1982 hafi verið framið innbrot í verkstæðishús stefnanda, sem hafi þá rekið hjólbarðaverkstæði að Borgartúni 24. Talsverðu af lausamunum, dekkjum og verkfærum, hafi verið stolið, og hafi RLR verið tilkynnt um innbrotið strax að morgni er starfsmenn komu til vinnu. Jafnframt hafi stefnda verið tilkynnt um innbrotið sama dag, þar sem stefnandi hafði keypt innbrotstryggingu hjá stefnda þann 24. janúar 1980. Ekki hafi tekist að hafa hendur í hári þjófanna og hinir brottnumdu munir hafi ekki fundist. Stefndur hafi átt í nokkrum erfiðleikum með að gera sér nákvæma grein fyrir hvers þeir söknuðu af verkstæðinu fyrst í stað. Í lögregluskýrslu, sem tekin var á vettvangi, hafi forráðamenn stefnanda gefið upp talsvert magn af hjólbörðum, sem sýnilega hefðu horfið, jafnframt því sem þeir hafi sagt að einhvers af verkfærum væri saknað.

Þann 5. mars hafi stefnda svo verið send krafa um greiðslu tryggingafjár ásamt sundurliðuðu yfirliti yfir þá muni sem glatast höfðu. Hafi krafan numið kr. 73.288,00 sem sé stefnufjárhæðin í máli þessu.

Stefndu hafi krafist þess í samræðum við Helga J. Davíðsson, annan eiganda Nýbarða sf., að hann legði fram gögn er sönnuðu að verkfærin, sem upp voru talin í yfirlitinu, hafi verið til á verkstæðinu fyrir tjónsatburð. Hafi Helgi talið það vandalaust í fyrstu, en við athugun á bókhaldsgögnum hafi komið í ljós að talsvert vantaði af nótum vegna kaupa á verkfærum frá verkfærabúð Júlíusar Kolbeins. Hafi þá verið haft samband við Júlíus sem hafi orðið við beiðni stefnanda um að rita nýjar nótur vegna þessara vörukaupa. Hafi eigendur Nýbarða og Júlíus borið saman bækur sínar og hafi nóturnar verið dagsettar eftir bestu vitund á þeim dögum og mánuðum sem viðskiptin fóru fram. Svo klaufalega hafi tekist til að ártal á nóturnum hafi misritast. Af þeim sökum hafi stefndi talið ástæðu til að hafna kröfu um greiðslu í heild sem að hluta og hafi stefndi kært stefndur fyrir meint tryggingasvik.

Við ítarlega rannsókn hjá RLR hafi ekkert komið í ljós sem gefið

hafi til kynna að um sviksamlegt afhæfi hafi verið að ræða hjá stefnanda. Engu að síður hafi váttryggingafélagið með öllu neitað að greiða váttryggingaféð. Hafi forráðamenn stefnanda fengið þau svör að félagið myndi ekki greiða kröfu þessa nema samkvæmt dómi.

Kröfu sína byggja stefnendur á því að váttryggingasamningur hafi verið í fullu gildi er tjónsatburður varð. Stefnandi hafi efnt sinn hluta sammingsins með því að greiða iðgjald fyrir trygginguna. Stefndi hafi á hinn bóginn neitað að standa við skuldbindingar sínar skv. váttryggingasamningnum jafnvel þótt átyllur fyrir synjun hafi reynst haldlausar.

Ekki verði séð af váttryggingaskilmálum, að tryggingataka beri að sanna að hinir horfnu munir hafi verið til staðar fyrir tjónsatburð. Það hafi stefndi hins vegar gert með óvæfengjanlegum hætti, þótt stefndi hafi reynt að bera á það brögður. Stefnandi hafi í einu og öllu staðið við sínar skuldbindingar skv. váttryggingasamningnum og á engan hátt gerst brotlegur við skilmála hans. Ástæður séu því ekki fyrir hendi, er réttlæti synjun stefnda um bótagreiðslur.

Vísað sé til laga um váttryggingasamninga nr. 20/1954.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum að stefnandi hafi með sviksamlegum hætti fyrirgert rétti sínum til váttryggingabóta þeirra sem krafist sé greiðslu á í málinu, með því að verða sér úti um og leggja fyrir stefnda reikninga sem búnir hafi verið til fyrir hann eftir að innbrot það átti sér stað sem um ræði í málinu. Tilbúningur þessara reikninga sé viðurkenndur af stefnanda þótt hann hafi svo viljað vera láta, eftir að upp komst, að þessi verknauður hafi ekki verið gerður í sviksamlegum tilgangi. Á skýringar stefnanda í því efni geti stefndi ekki fallist, enda verði þær að teljast næsta langsóttar.

Það hafi verið bæði rétt og eðlilegt að stefndi óskaði gagna um það tjón, sem stefnandi taldi sig hafa orðið fyrir í umræddu innbroti. Stefnandi hafi verið skylt að verða við þeim tilmælum, enda hafi hvílt á honum sönnunarbyrði um tjónið. Þetta hafi stefnanda átt að vera auðvelt þar sem hann hafi rekið atvinnufyrirtæki og sé hann bókhaldsskyldur lögum samkvæmt. Þáttur í þeirri skyldu sé að halda til haga og varðveita aðgengileg öll fylgiskjöl vegna rekstrarútgjalda. Þessi staðreynd, þótt ekki kæmi annað til, geri skýringu stefnanda á tiltæki sínu svo ósennilega og raunar fráleita að hún hljóti að falla um sjálfa sig.

Um sýknukröfuna sé vísað til 5. gr. váttryggingaskilmála þeirra, sem hér eigi við, svo og til laga nr. 20/1954, 23. gr. Lögin taki hart á röngum upplýsingum og sviksamlegu atferli váttryggingartaka, sbr. ákvæði laganna um rangar upplýsingar við sammingsgerð.

Þá sé ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni af völdum innbrotisins, og hafi sú verið raunin, þá sé umfang tjónsins ósannað.

III.

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarlögreglu ríkisins á dskj. nr. 32 má telja upplýst að innbrot var framið á verkstæði stefnanda þann 15. febrúar 1982.

Viðurkennt er af hálfu stefnanda að hann hafi í því skyni að sanna hluta þess tjóns, sem hann telur sig hafa orðið fyrir og fá það bætt, beitt stefnda blekkingum með því að leggja fram kvittanir sem búnar voru til fyrir hann eftir að tjónsatburðurinn átti sér stað undir því yfirskini að þær væru úr bókhaldi hans frá því u.þ.b. ári áður en innbrotið átti sér stað.

Fallast má á það með stefnda að framangreint athæfi stefnanda falli undir 2. mgr. 5. gr. váttryggingasamnings þess, sem gildi um lögskipti stefnanda og stefnda, en 5. gr. samningsins hljóðar svo: „Hafi váttryggingartaki, er váttryggingin var tekin, sviksamlega gefið rangar upplýsingar um atvik, er ætla mátti að skiptu máli fyrir félagið eða leynt slíkum atvikum sviksamlega, er váttryggingin ekki skuldbindandi fyrir félagið. Hafi váttryggingartaki eða annar maður við önnur tækifæri gefið félaginu rangar upplýsingar, getur það haft þau áhrif að ábyrgð félagsins takmarkist eða falli niður.“

Nótur þær, sem um ræðir, nema tæpum þriðjungi þess tjóns, sem stefnandi gerir kröfu til að fá bætt. Stefnandi hefur ekki á annan óyggjandi hátt sannað, að þeir munir, sem þar eru upp taldir, hafi verið til staðar á verkstæði hans fyrir innbrotið.

Af þessum sökum og með hliðsjón af skjölum málsins og málsatvikum öllum þykir stefnandi ekki hafa fært fram næg rök fyrir því, að dæma beri hið stefnda tryggingafélag bótaskyldt að hluta eða öllu leyti á grundvelli 1. mgr. 23. gr. l. nr. 20/1954.

Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi Samvinnutryggingar g.t. skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda Nýbarða sf. í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.